



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Nesvegur 5 ehf.
Hellnafelli 6
350 Grundarfjörður

Reykjavík 9. desember 2022
Tilv.: UMH22100120/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Nesvegar 5 ehf. frá 28. október sl. þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sbr. einnig 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og bréfs ráðuneytisins til Nesvegar 5. ehf., dags 10. nóvember sl. þar sem fram kom að ráðuneytið áformi að synja beiðni um undanþágu. Var Nesvegi 5 ehf. gefið færi á að koma að athugasemdum við áform ráðuneytisins til 24. nóvember sl. Var sá frestur framlengdur til 30. nóvember sl. með tölvupósti þann 24. nóvember sl.

Fram kemur í erindi Nesvegar 5 ehf. að sótt hafi verið um starfsleyfi fyrir seiðaeldisstöð í Ásmundarnesi í Bjarnarfirði bæði hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Ekki hafi verið hægt að fjalla um og samþykkja umsókn fyrirtækisins þar sem beðið væri eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar á breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps þar sem gert væri ráð fyrir athafnasvæði að Ásmundarnesi í Bjarnarfirði. Fram kom að áætlað væri að hámarki yrði óskað eftir undanþágu til tíu vikna. Tíminn væri að falla frá félaginu og samstarfsaðilum. Í undirbúningi væri að koma seiðum til fiskeldisfélaganna ÍS 47 ehf. og Hábrúnar hf. næsta sumar og það þýði að nauðsynlegt verði að taka inn hrogn til eldis hið fyrsta eða í síðasta lagi í annarri viku nóvember. Það hafi gríðarlega neikvæð áhrif á rekstur félaganna ef ekki náist að standa við þau tímamörk, enda missi allir aðilar út eitt ár í seiðaútsetningu. Mikið sé undir hjá fyrirtækinu og samstarfsaðilum, og fyrirséð að aðilar muni missa af hundruð milljóna tekjum og af markaði sem þeir hafa verið á lengi. Mikil vinna hafi verið lögð í málið í samstarfi við sveitarfélagið og heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Í erindinu segir jafnframt að tafir í tengslum við ráðningu nýs skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og við skil á gögnum til Skipulagsstofnunar hafi gert það að verkum að tafir hafi orðið á ferli við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Um sé að ræða litla seiðaeldisstöð með afar takmarkaða mengunaráhættu þar sem ekki sé verið að fódra fisk heldur eingöngu klak á meðan undanþága sé í gildi.

Með erindinu fylgdi álit Kaldrananeshrepps við undanþágu vegna Ásmundarness, dags. 27. október sl. Í álitinu staðfesti sveitarstjórn Kaldrananeshrepps að fyrirhuguð starfsemi fiskeldis á Ásmundarnesi er í samræmi við þær breytingar sem sveitarfélagið hefur samþykkt að gera á aðalskipulagi sínu. Fram kom að tafir hafi orðið á að gögnum væri skilað til Skipulagsstofnunar og að um óheppilega langan málsmeðferðatíma hafi verið að ræða sem til kominn er vegna mannabreytinga í starfi skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins. Skýr vilji sé hjá sveitarstjórn Kaldrananeshrepps að heimila þá uppbyggingu og starfsemi sem tilgreind er í auglýstu skipulagi.

Í umsögn Umhverfisstofnunar 28. október sl. kom fram að um væri að ræða 45 tonna fiskeldi með fráveitu í sjó sem er starfsleyfisskytt skv. II. viðauka laga nr. 7/1998 og IX. viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Þann 18. maí sl. hafi sveitarfélagið Kaldrananeshreppur upplýst stofnunina að starfsemin samræmdist ekki aðalskipulagi sveitarfélagsins en að unnið væri að því að breyta aðal- og deiliskipulagi sveitarfélagsins. Málið hafi því verið á bið hjá Umhverfisstofnun þar sem umsóknin teljist ekki fullnægjandi þar sem starfsemin samræmist ekki gildandi aðal- og deiliskipulagi enda sé það grundvallaratriði til að samþykkja að umsókn sé fullnægjandi. Þann 28. nóvember sl. barst ráðuneytinu tölvupóstur frá Nesvegi 5 ehf. með hlekk á auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps vegna iðnaðarsvæðis og frístundabyggðar í Ásmundarnesi sem staðfest hafði verið af Skipulagsstofnun 18. nóvember sl.

Ráðuneytinu barst ný umsögn frá Umhverfisstofnun með tölvupósti 5. desember sl. Í umsögninni kom fram að 29. nóvember sl. hafi Umhverfisstofnun staðfest að umsókn Nesvegar 5 ehf. um starfsleyfi væri fullnægjandi. Í umsókn sinni um undanþágu fjalli rekstraraðili um ferli við að breyta skipulagi við Ásmundarnes í Bjarnarfirði. Ómögulegt hafi verið að sjá fyrir hversu miklar tafir yrðu á málinu sem hafi m.a. orðið vegna ráðningu nýs skipulagsfulltrúa en vilji sveitafélagsins sé skýr, sbr. umsögn sveitafélagsins sem fylgdi umsókn til ráðuneytisins. Hafi rekstraraðili áætlað í umsókn sinni að óskað væri að hámarki eftir 10 vikna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi þar sem auk afgreiðslutíma Skipulagsstofnunar muni auglýsing og útgáfa starfsleyfis taka 5-8 vikur. Ekki sé um að ræða langan tíma en hann hafi þó afgerandi áhrif fyrir framtíð fyrirtækisins þar sem í undirbúningi sé að koma seiðum til útsetningar í sjókvíar. Samkvæmt umsókn rekstraraðila þurfi því að taka inn hrogn hið fyrsta, eða í síðasta lagi í annari viku í nóvember. Áhrifin sem það hafi á rekstur fyrirtækjanna séu gríðarlega neikvæð náist það ekki því með því falli eitt ár út í seiðaútsetningu. Stofnunin taki undir að óheppilegt sé að tafir hafi orðið á afgreiðslu málsins, en þar sem stofnunin hafi samþykkt að umsóknin sé fullnægjandi áformi hún að auglýsa tillögu að starfsleyfi í desember, samhliða auglýsingu um tillögu að rekstrarleyfi. Gangi það eftir megi gera ráð fyrir því að starfsleyfið verði gefið út 5-8 vikum seinna. Stofnunin bendir einnig á að í umsókn rekstraraðila hafi verið fjallað um að síðasti möguleiki á inntöku hroгна án þess að það hefði gríðarleg áhrif á framtíð fyrirtækisins væri önnur vikan í nóvember. Samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar eru áform rekstraraðila nú að taka inn hrogn 10. desember nk. Stofnunin bendi á að á meðan ekki fari fram fóðrun þurfi ekki starfsleyfi þar sem starfsemin teljist ekki vera eldi. Rekstrarleyfi þurfi engu að síður að vera til staðar en til starfrækslu fiskeldisstöðva þurfi starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Með hliðsjón af litlu umfangi og þar sem stutt er í útgáfu starfsleyfis telur stofnunin að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt. Stofnunin leggi til að undanþágan gildi þar til gefið verði út nýtt starfsleyfi en þó ekki lengur en til 1. apríl 2023. Verði undanþága veitt leggur Umhverfisstofnun til að skilyrði fyrir undanþágunni verði að rekstraraðili uppfylli kröfur sem gerðar eru í drögum að starfsleyfi. Með umsögninni fylgdu drög að starfsleyfi fyrir Nesveg 5 ehf.

Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá rekstraraðila um hvenær hefja þurfi fóðrun seiða. Í svari rekstraraðila sem barst ráðuneytinu með tölvupósti 8. desember sl. segir að fóðrun hefjist um 5-8 vikum eftir komu en það fari eftir stöðu aughroгна.

Samkvæmt 4. másl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar.

Samkvæmt framangreindu er skilyrði fyrir veitingu tímabundinnar undanþágu frá starfsleyfi að fram sé komin fullnægjandi umsókn um starfsleyfi og að ríkar ástæður mæli með undanþágunni. Samkvæmt umsögn Umhverfisstofnunar er umsókn um starfsleyfi nú talin vera fullnægjandi. Samkvæmt beiðni um undanþágu hefur ekki verið hægt að hefja starfsemi seiðaeldisstöðvarinnar og

taka inn hrogn til eldis vegna tafa hjá sveitarfélaginu Kaldrananeshrepps við breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins en breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps hefur nú verið staðfest og birt í B-deild Stjórnartíðinda. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að rekstraraðili áformi nú að taka inn hrogn til eldis 10. desember nk. Stofnunin áformi að auglýsa tillögu að starfsleyfi í desember, samhliða auglýsingu um tillögu að rekstrarleyfi. Gangi það eftir megi gera ráð fyrir því að starfsleyfið verði gefið út 5-8 vikum seinna. Bendir stofnunin einnig á að meðan aðeins er um hrogn að ræða og ekki fari fram fóðrun þurfi ekki starfsleyfi þar sem starfsemin teljist ekki vera eldi en starfsemi fiskeldisstöðvar þurfi þó starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Telur stofnunin að skilyrði fyrir undanþágu séu uppfyllt þar sem um lítið umfang sé að ræða og stutt er í útgáfu starfsleyfis. Samkvæmt beiðni um undanþágu hefur framangreind seinkun á ferli við breytingu á aðalskipulagi og þar með meðferð starfsleyfisumsóknar haft mikil áhrif á fyrirhugaðan rekstur eldisstöðvarinnar, ef ekki verður hægt að setja út seiði nú mun eitt ár falla út í seiðaútsetningu. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er búist við að fóðrun hefjist 5-8 vikum eftir komu seiða í stöðina en það fari eftir stöðu augnhrogna við komu. Telur ráðuneytið ljóst að ef áætlanir um útgáfu starfsleyfis gangi eftir muni stuttur tími líða frá því að fóðrun hefist og þar með eiginlegt eldi þar til að gefið verði út starfsleyfi. Í ljós framangreinds fellst ráðuneytið á að veita Nesvegi 5 ehf. tímabundna undanþágu frá starfsleyfi fyrir 45 tonna fiskeldi með fráveitu í sjó sbr. 4. másl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að rekstraraðili uppfylli kröfur sem gerðar eru í tillögu að starfsleyfi sem Umhverfisstofnun hefur sent rekstraraðila til yfirferðar, laga og reglugerða sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. apríl 2023.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Umhverfisstofnun.
Heilbrigðisnefnd Vestfjarðar.